


## DEILISKIPULAG FYRIR IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐI VIÐ EYJABAKKA Í GRINDAVÍK

**Skipulags- og matslýsing**

**10.09.2019**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>3</b>
1.1	Almennt	3
1.2	Skipulagslýsing	4
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>4</b>
2.1	Tilgangur og markmið	4
2.2	Staðhættir og aðkoma	4
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirliggjandi stefna	5
2.3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.3.2	Aðalskipulag	6
2.3.3	Deiliskipulag	7
<b>3</b>	<b>DEILISKIPULAG OG MATSLÝSING</b>	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLIÐ</b>	<b>9</b>
4.1	Drög að skipulagsferli	10

## 1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulag á iðnaðar- og hafnarsvæði á Hópsnesi í Grindavík. Lýsingin er unnin í samræmi við 1.mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

### 1.1 Almennt

Svæðið sem lýsingin nær til er iðnaðarsvæði i3 og svæði undir hafnsækna starfsemi við Eyjabakka skv. aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010-2030.

Grindavíkurbær hefur á síðastliðnum árum unnið skipulag fyrir iðnaðar- og hafnarsvæði í bænum í þeim tilgangi að setja ramma um starfsemi á svæðunum, vöxt þeirra og viðhald. Unnið hefur verið með það að leiðarljósi að bæta aðstöðu fyrir hafnarstarfsemi og annan iðnað og tryggja örugg vinnusvæði og stýra umferð. Hluti svæðisins hefur þegar verið skipulagður og mun deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Eyjabakka falla úr gildi þegar nýtt skipulag hefur tekið gildi.

Svæðið sem nú er fyrirhugað að skipuleggja er afmarkað með appelsínugulri brotalínu á mynd 1. Um er að ræða um 60 ha á landi en í heildina er skipulagssvæðið um 72 ha með sjó og hafnargörðum.

Svæðið er í eigu Grindavíkurbæjar.



**MYND 1.** Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er sýnd með appelsínugulri línu og afmörkun gildandi skipulags sem fellur úr gildi er sýnd með bláum lit.

## 1.2 Skipulagslýsing

Tilgangur með gerð skipulags- og matslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa bæjarstjórnun og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal bæjarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni og skv. 2 mgr. 6.gr. laga nr. 105/2006 skal haft samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur bæjarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Tilgangur og markmið

Grindavíkurbær hyggst byggja upp öflugt atvinnulíf í bænum með áherslu á hefðbundinn sjávarútveg og nýsköpun í kringum hann. Til þess að sveitarfélagið sé samkeppnishæft er mikilvægt að hafa gott aðgengi að fjölbreyttum lóðum sem henta bæði fyrir hafnsækna starfsemi og iðnað. Grindavíkurbær telur einnig mikilvægt að huga að, uppbyggingu og umgjörð fyrir smábátaútgerð og aðkomu fyrir skemmtibáta og skútur. Gert er ráð fyrir u.þ.b. 1 ha landfyllingu á svæðinu og breyttri legu hafnargarða til að auka snúnings og siglingarrými innan hafnarinnar. Gert er ráð fyrir að hluti svæðisins verði nýttur undir sorpflokkun og geymslusvæði sem nú er staðsett við Moldalág verði flutt á svæðið.

### 2.2 Staðhættir og aðkoma

Svæðið sem um ræðir er eins og fyrr segir við Eyjabakka á Hópsnesi, sem skilgreint er í aðalskipulagi sem hafnar- og iðnaðarsvæði ásamt hafnargörðum og viðleguköntum. Norðan við svæðið eru Hópsbæirnir og Þjóðminjaverndarsvæði<sup>1</sup> tengt þeim. Sunnan við svæðið er Hópsnes sem skilgreint er sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030.


Aðkoma að svæðinu af landi er um göturnar Bakkalág, Nesveg og Eyjasund. Einnig er hægt að koma sunnanmegin að svæðinu með svokölluðum Hópsneshring sem er vinsæll til útvistar, bæði fyrir hjólandi og gangandi. Aðkoma frá sjó er um Grindavíkurhöfn.

Svæðið er að mestu hallalítið hraunlendi, hálfgróið mosa og grastegundum. Svæðið er talsvert raskað. Talsvert af fornminjum eru innan fyrirhugaðs skipulagssvæðis eins og sjá má á mynd 2 sem fengin er

---

<sup>1</sup> Þjóðminjaverndarsvæði er skilgreint í Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 skv. gr. 4. 20 í skipulagsreglugerð 400/1998 sem nú er brottfallin. Í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir að svæðið verði hverfisverndað.

úr 1. áfanga fornleifaskráningar í Grindavík frá árinu 2002 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands) en ástand minjanna er nokkuð misjafnt og eru einhverjar þeirra horfnar.



**MYND 2.** Kort úr fornleifaskráningu á svæðinu.

## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

### 2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í 3 kafla landsskipulagsstefnu er mótuð stefna um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Þar segir m.a. „Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild.“ Í kafla 3.2. segir: „Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfeldri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.“ Í kafla 3.4. er fjallað um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf. Þar segir m.a.: „Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. ... Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

Markmið skipulagsgerðarinnar er einmitt að stuðla að samkeppnishæfni Grindavíkurbæjar með því að skipuleggja nýjar hafnar- og iðnaðarlóðir innan þéttbýlisins. Þannig er unnt að setja ramma um starfsemi á svæðunum, skipuleggja uppbyggingu innviða og að til séu í bænum fjölbreyttar lóðir sem henta fyrir ólíkan atvinnurekstur. Grindavík er sjávarútvegsbær og því mikilvægt að öll aðstaða fyrir

hafnarstarfsemi sé góð og að unnt sé að tryggja örugg vinnusvæði og stýra umferð. Deiliskipulagið fellur því vel að stefnu landsskipulags.


### 2.3.2 Aðalskipulag

Fjallað er um meginmarkmið aðalskipulags Grindavíkur 2010-2030 í kafla 3.1. Þar er lögð megináhersla á nokkra þætti m.a. að: „Stefnt er að fjölbreyttu atvinnulífi á sem flestum sviðum. Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi svo komandi kynslóðir geti áfram notið þeirra miklu gæða sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Náttúruauðlindir í sveitarfélaginu verði nýttar með hagsmuni bæjarbúa í huga. Heildarhagsmunir bæjarbúa verði ætíð hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatök.“ Deiliskipulag iðnaðar og hafnarsvæðis við Eyjabakka í Grindavík samræmist þeim markmiðum sem þar koma fram.

Í aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði i3 og hafnarsvæði. Í skipulaginu segir um hafnarsvæðið: „Austast í Hópinu er fiskibátahöfn með smábátabryggjum sem nægja núverandi fiskibátaflota. Áfram er gert ráð fyrir smábátahöfn fyrir frístundabáta nyrst í Hópinu, með flotbryggjum innan við 150 m langan viðlegukant. Gert er ráð fyrir að ströndin við smábátahöfnina neðan við Hópslandið haldist með nokkuð náttúrulegan uppruna. Þarna streymir fram ferskt vatn og er æskilegt að halda ströndinni óbyggðri þannig að útsýni frá tjaldsvæði og íbúðabyggð haldist óskert yfir höfnina.“ Um iðnaðarsvæði i3 segir í aðalskipulagi: „Iðnaðarsvæði merkt i3 (22,9 ha) austan hafnarsvæðis er ætlað fyrir almennan iðnað.“

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir varnargörðum og landfyllingu.

Unnið er að endurskoðun aðalskipulags Grindavíkur og áætlað að það verði auglýst haustið 2019. Gert er ráð fyrir að í endurskoðuðu aðalskipulagi verði lega innri hafnargarða breytt skv. hönnun siglingarstofnunar og að aðstaða fyrir smábáta og skemmtibáta verði stækkuð á því svæði sem hún er nú og fallið frá uppbyggingu nyrst í Hópinu. Svæði austan við Nesveg fyrir olíutanka verður skilgreint sem iðnaðarsvæði og gert er ráð fyrir að deiliskipulagið nái yfir það svæði.



**MYND 3.** Úrklippa úr gildandi aðalskipulagi Grindavíkurbæjar - þéttbýlisuppráttur.

### 2.3.3 Deiliskipulag

Aðliggjandi að svæðinu er deiliskipulag miðbæjar- hafnarsvæði sem staðfest var í ágúst 2015 (sjá mynd 4). Sú áætlun nær yfir hafnar-, iðnaðar- og athafnastarfsemi innan þéttbýlis í Grindavík. Það er því mikilvægt að skilmálar, lóðir, aðstaða, innviðir og tengingar innan og milli svæðanna séu samtvinnnaðar og gefi bæði góðan ramma utan um starfsemi á svæðunum auk þess að gefa sveigjanleika fyrir mismunandi starfsemi. Skipulagið nær yfir alls 38 ha að með 54 lóðum sem eru að mestu þegar byggðar. Skipulagið gerir ráð fyrir lóðum á athafnasvæði, hafnarsvæði, þjónustustofnunum, verslun og þjónustu og einni íbúðarlóð. Auk opinna svæða til sérstakra nota. Unnið er að breytingu á því skipulagi þar sem svæðið verður stækkað.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Eyjabakka sem staðfest var í ágúst 2011 er um 33 ha að stærð með 113 lóðum. Þegar hefur verið byggt á hluta þeirra lóða og sumum verið úthlutað. Á svæðinu er gert ráð fyrir iðnaði og hafnsækinni starfsemi. Það skipulag mun falla úr gildi við gildistöku nýs skipulags.



**MYND 4.** Blá brotin lína sýnir skipulagsmörk gildandi deiliskipulags á Eyjabökkum. Svört brotin lína sýnir deiliskipulagsmörk fyrir hafnarskipulagið.

### 3 DEILISKIPULAG OG MATSLÝSING

Megináhersla deiliskipulagsins verður að skilgreina lóðir og byggingarreiti fyrir iðnaðar og hafnarstarfsemi auk þess að setja ramma um uppbyggingu hafnarinnar, smábátahafnar, varnargarða og landfyllinga.

Framkvæmdir innan deiliskipulagsins falla undir flokk C. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda n.t.t. töluliði 10.2. 10.14 og 10.23. Þar með fellur skipulagið undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða og mun fylgja skipulaginu umhverfisskýrsla.

Við vinnslu skipulagstillögunnar þarf að skoða áhrif á jarðmyndanir, minjar, gróður, ásýnd og landslag. Einnig er mikilvægt að skoðuð verði áhrif á samfélag, þ.e. atvinnu, útivist og ferðamennsku á Hópsnesi og á öryggi. Minjar á skipulagssvæðinu verða skráðar í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Að öðru leyti verður matið unnið út frá fyrirliggjandi opinberum gögnum og þekkingu sérfróðra manna á staðháttum á svæðinu.



TAFLA 1. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og helstu viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ, LÖG OG REGLUGERÐIR
Jarðmyndanir	Mun skipulagið fela í sér áhrif á jarðmyndandir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja.
Gróður	Mun skipulagið hafa áhrif á gróður – vistsvæði og plöntutegundir?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Forminjar	Mun skipulagið hafa áhrifa á friðlýstar fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. 1. gr. um tilgang laganna, 16. gr. um skipulag og 23. gr. um fornleifar í hættu.
Ásýnd og landslag	Mun skipulagið hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun skipulagið hafa sjónræn áhrif? Mun skipulagið hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag. Stefna um svæðið í aðalskipulagi Grindavíkur.
Mengunarhætta	Mun skipulagið hafa áhrif á loftgæði eða hljóðvist á nærliggjandi svæðum? Mun skipulagið hafa áhrif á	Viðmið um mengun og varnir í eftirfarandi lögum: Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Samfélag	Mun skipulagið hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Mun skipulagið hafa áhrif á útivist á Hópsnesi? Mun skipulagið hafa áhrif á öryggi fólks á hafnarsvæðinu?	Markmið í aðalskipulagi Grindavíkur um atvinnu, útivist og öryggi. Umferðaröryggisstefna Grindavíkur.

## 4 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLIÐ

Skipulags- og matslýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulags- og matslýsingin verður auglýst á heimasíðu Grindavíkurbæjar <http://www.grindavik.is>. Einnig verður lýsingin aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins að Víkurbraut 62, Grindavík.

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum og áhersla lögð á samráð við þá í skipulagsgerðinni:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

#### 4.1 Drög að skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

Maí 2019	Skipulags- og matslýsing lögð fyrir skipulagsnefnd skv. 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010.
Maí 2019	Skipulags- og matslýsing afgreidd í bæjarstjórn.
Október 2019	Skipulags- og matslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulags- og matslýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Desember 2019	Tillaga að skipulagsbreytingu kynnt almenningi skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Janúar 2019	Tillaga að nýju deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu tekin fyrir í skipulagsnefnd og bæjarstjórn endanleg tillaga samþykkt til kynningar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
Febrúar/mars 2019	Skipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu auglýst og send umsagnaraðilum skv. 41. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum
Apríl 2020	Tillaga ásamt umhverfisskýrslu afgreidd í bæjarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og skipulagið sent til Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.
Júní 2020	Bæjarstjórn samþykkir deiliskipulagið og auglýsir skipulagið í kjölfarið í B - deild Stjórnartíðinda skv. 41. gr. skipulagslaga.